

Algengar spurningar um World Scout Jamboree 2019

Ég er of ung/ur - get ég fengið undantekningu til að fara á WSJ19?

Skilyrði fyrir þátttöku á WSJ2019 eru sett af alheimssamtökunum -WOSM- og það eru því miður engar undantekningar leyfðar á aldurstakmörkunum fyrir þátttakendur á World Scout jamboree 2019. Almennir þátttakendur verða að vera fæddir á tímabilinu 22. júlí 2001 til 21. júlí 2005.

þarf ég vegabréfsáritun/visa til að fara á mótið?

Það þarf að vera með gilda ESTA umsókn.

Get ég sjálf/ur séð um að kaupa flugmiðann til USA?

Það verður örugglega hægt að heimsækja mótssvæðið. Gestir þurfa sjálfir að sjá um að koma sér á staðinn. Við vitum ekki enn hvaða reglur munu gilda um heimsóknir og hvað verður í boði fyrir þá sem heimsækja svæðið. Það er ólíklegt að gestir fái að heimsækja sjálfar tjaldbúðirnar þar sem þátttakendur búa. Það er líka ólíklegt að gestir fái að heimsækja svæðin þar sem skátarnir taka þátt í afþreyingu og ævintýrum. Yfirleitt fá gestir að heimsækja „Torgið“ á Jamboree – og ef til vill einstaka afþreyingu sem mótssstjórn ákveður. Reynslan frá fyrri stórmótum sýnir að gestir verða að skrá sig inn á svæði sem er fyrir utan mótssvæðið og þeir fara síðan með rútum til og frá mótssvæðinu. Fjöldi gesta á degi hverjum verður takmarkaður og við setjum inn upplýsingar um leið og þær liggja fyrir svo sem hvað verður í boði fyrir gesti og hvar og hvernig hægt verður að tryggja sér gestapassa.

Get ég sjálf/ur séð um að kaupa flugmiðann til USA?

Við leggjum mikla áherslu á að fara út sem heild, þar sem ferðalagið er beint á mótssvæðið og gefst lítið tækifæri til að hitta fólk á leiðini, sama á við um heimleið. Þetta skiptir einnig máli í skipulagningu og kostnaði vegna flugfargjalda og rútu. En við ætlum að skoða þann möguleika að IST geti keypt ferð einungis á mótið og skilji við hópinn í Washington.

þarf ég að fara í bólusetningu?

Vegna ferða til landa eins og Suður Evrópu, Madeira, Kanaríeyja, Bandaríkjanna og Japan þarf ekki sérstakra læknisráða við. Hins vegar er rétt að leita læknisráða ef þú ert með langvarandi sjúkdóm eins og hjartasjúkdóm, astma, nýrnasjúkdóm eða sykursýki. Tekið af vef Landlæknis jan 2018.

Hvernig get ég fjármagnað ferðina?

Einkenni verða skoðuð með hópnum þegar nær dregur ferð. Dæmi um einkenni sem hafa verið eru merki, húfur, bolir, peysur og bakpokar.

Hvað gerum við í Washington eftir Jamboree?

Áætlað er að sveitirnar verði að hluta til saman í Washington. Þar stefnum við að því að vera á gistiheimili. Dagarnir verða skipulagðir af sveitunum eða í minni hópum eftir áhugasviði þátttakanda. Lagt verður upp úr því að sveitirnar skoði menningu borgarinnar með því að labba um og fara á söfn. Einnig verður farið í búðir og kíkt á skemmtilegar afþreyingar. Það mun fara eftir stærð hópsins hvort ein sameiginleg máltíð verði í Washington.

Hvenær rennur umsóknarfresturinn út?

Skráningarfrestur er til 10. apríl 2018 - til að tryggja sér pláss.

Ferðumst við öll saman?

Unnið er að því að hópurinn ferðist saman út og heim. Ef erfiðleikar verða í bókun vegna fjölda verður reynt að ferðast í sveitum. Mögulega fara einhverjir úr farastjórn og IST út á undan til undirbúnings.

Af hverju þarf að sækja um svona snemma?

Til þess að undirbúa svona stórar viðburð eins og WSJ er, er nauðsynlegt að fá skráningu svona snemma. Einnig er það gert til að mynda heild og gefa skátum möguleika á að fjármagna svona ferð.